

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandis  
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga  
Austurvegi 56  
800 Selfoss

Garðabær, 18. janúar 2024  
Málsnúmer: 202401-0049  
SS/LA

## Efni: Umsögn um auglýsta tillögu að svæðisskipulagi Suðurlandis

Vísað er í tölvupóst frá svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurlandis, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 15. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Suðurlandis.

Náttúrufræðistofnun veitti ítarlega umsögn um tillöguna á fyrri stigum, þann 19. febrúar 2023. Er vísað í þá umsögn þar sem innihald hennar á við enn að öllu leyti nema varðandi þau atriði sem fjallað er um hér á eftir og eru vegna breytinga sem orðið hafa á tillögunni eða nýrra efnisatriða sem ekki komu fram í fyrri umsögn. Megináþendingar Náttúrufræðistofnunar við tillöguna er því að finna í eldri umsögn frá 19. febrúar 2023 og verða ekki endurteknar hér.

Náttúrufræðistofnun vill koma til viðbótar við fyrri umsögn eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í umfjöllun um mælikvarða svæðisskipulagsnefndar um framfylgd stefnunnar hefur Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun verið bætt við sem samráðsaðilum. Náttúrufræðistofnun lagði þetta til í fyrri umsögn og þetta því jákvæð viðbót. Ekki hefur neinum mælikvörðum verið bætt við en eins og kom fram í fyrri umsögn telur Náttúrufræðistofnun brýnt að einhverjir þeirra meti áhrif stefnunnar á náttúru svæðisins.

Engin breyting hefur orðið á áformum um uppbyggingu meginstofnvega á Suðurlandinu þ.m.t. á Fjallabaksleið nyrðri sem fer um Friðland að Fjallabaki. Náttúrufræðistofnun benti á í fyrri umsögn að um mjög mikla eðlisbreytingu væri að ræða sem þyrfti að skoða og ræða í stærra samhengi áður en þær eru festar í sessi í svæðisskipulagi. Stofnunin taldi áformin ekki samræmast að fullu áherslum gildandi landsskipulagsstefnu en svæðisskipulagsnefnd túlkar texta landsskipulagsstefnu á annan hátt hvað þetta atriði varðar. Þá hefur einnig verið bætt við tilvísun í drög að hvítbók um skipulagsmál sem innviðaráðherra kynnti síðasta haust. Bætt hefur verið viðbrögðum við áþendingum sem m.a. komu frá Náttúrufræðistofnun um mögulega hættu að náttúru svæðisins sem aukin umferð vegna bættra vegasamgangna gæti haft, en þau eru þess eðlis að hönnunarviðmið og -útfærslur eigi að geta leyst úr þeim áhyggjum og einnig minnka líkur á að óbyggðaupplifun og náttúrugæði skerðist. Eins og segir í greinargerð, eiga mannvirkin að hafa "lágmarks áhrif" á þessa þætti. Hvað er átt við með því? Náttúrufræðistofnun telur að jafnvel þótt vel heppnist með hönnun og að rask vegna vegagerðar og ásýndaráhrif verði minniháttar, eigi eftir að greina betur þá ógn sem mikil aukning á umferð á ýmsum árstímum getur leitt af sér fyrir viðkvæma náttúru svæðisins og að mat á þolmörkum viðkvæmra svæða skortir.



Einungis lítills háttar breytingar hafa orðið á áformum um uppbyggingu ferðaþjónustu á Suðurlandinu. Í umhverfismatsskýrslu er ítarlegri umfjöllun um nýja þjónustustaði eða þjónustustaði sem áformað er að taki breytingum. Í greinargerð hefur verið bætt við texta um að taka betur tillit til verndarhagsmuna og áhrif á lífríki, landslag og víðerni þegar metin er staðsetning á nýjum þjónustustöðum og einnig hefur verið bætt við skilyrði um að á öllu landi sem raskast vegna framkvæmda tengt uppbyggingu ferðaþjónustu skuli endurheimta staðargróður eins og mögulegt er. Einnig hefur verið bætt við setningu í kafla um ferðaleiðir þar sem sett er skilyrði um að tryggja beri að samspil ferðaleiða valdi ekki óafturkræfu raski á náttúruminum og landslagi, sem er í takt við fyrri ábendingu Náttúrufræðistofnunar.

Þetta eru ágætis viðbætur en eins og fram kom í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin varasama þróun að áætla svo mikinn fjölda þjónustusvæða. Í umsögninni var einnig bent á þau fjölmörgu nýlegu dæmi um skipulagsáform þar sem stefnt er að töluverðri stækkun eða fjölgun bygginga á fjallaseljum sem eiga að vera þeir þjónustustaðir sem fela í sér minnst umfang og með sem takmarkaðasta þjónustu. Í nýju greinargerð svæðisskipulags virðist sem staðsetning fjallaselja á kortinu sem sýnt er á mynd 3 sé dottin út. Samt er talað um í lið 3.2.2. að sjá megi staðsetningu þeirra á myndinni. Mikilvægt er að laga þetta því annars sýnir mynd 3 ekki á réttan hátt þann fjölda þjónustustaða sem skipulagið stefnir að því að séu til staðar.

Í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar var bent á að skilgreindar verndarheildir, sem m.a. eru byggðar á þeirri vinnu sem fór fram við að kortleggja verndargildi landslags, lífríkis og jarðminja á öllu skipulagssvæðinu, skarast stundum við mannvirkjasvæði. Bætt hefur verið við stuttri umfjöllun um þetta atriði og skörunin rökstudd með því að nauðsynlegt sé að geta endurbætt og viðhaldið mannvirkjum sem eru til staðar þrátt fyrir skörun við verndarheildir. Á korti sem sýnir verndarheildir eru stærri svæði nú flokkuð í flokk V1 sem er jákvæð þróun.

Varðandi mögulegar verndaraðgerðir á svæðum innan verndarheilda, sér í lagi í flokki V1, er lítil viðbót um að svæðisskipulagsnefnd skuli beita sér fyrir því að koma áherslum sveitarfélaganna inn í tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár í samráði við Umhverfisstofnun. Náttúrufræðistofnun hvetur svæðisskipulagsnefndina til að sýna frumkvæði við að tilnefna möguleg verndarsvæði og hvetja sveitarfélögin til hins sama.

Breyting hefur orðið á mynd 17 þar sem hagsmunaaðrekstrar orkuvinnslu og verndargildis eru sýndir. Áhrifasvæði Kjalölduveitu er nú skilgreint í flokki B þar sem hagsmunaaðrekstrar eru miklir. Náttúrufræðistofnun telur þessa breytingu sýna rétta stöðu og vera til bóta.

Í umhverfisskýrslunni er ítarleg umfjöllun um breytt viðmið varðandi mat á útbreiðslu víðerna innan Suðurlandis þar sem horft er til nýrra gagna. Kort yfir víðerni svæðisins er því breytt frá fyrri útgáfu og þau hafa stækkað nokkuð. Í ljósi þessa eru áhrif af stefnu svæðisskipulagsins á víðerni metin meiri en áður og teljast nú neikvæð samkvæmt áhrifamatinu í töflu 13. Náttúrufræðistofnun telur það vera rétta niðurstöðu. Engin önnur breyting hefur orðið á töflu 13 þrátt fyrir ábendingar Náttúrufræðistofnunar í fyrri umsögn, um misræmi við töflu 11 þar sem valkostagreiningin fer fram og þótt stofnunin hafi ekki verið sammála matinu varðandi áhrif stefnunnar á gróður og dýralíf. Enn er það metið jákvætt vegna betri dreifingar og stýringu á álagi. Eins og kom fram í fyrri umsögn telur Náttúrufræðistofnun að hætta á aukinni umferð vegi á móti mögulega betri dreifingu og stýringu og að upplýsingar um þolmörk náttúru á

svæðinu séu ekki nægilega góðar til að geta ályktað að áhrifin verði jákvæð, frekar en óveruleg eða mögulega neikvæð.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari viðbótarathugasemdir við skipulagstillöguna en vísar aftur í þær fjölmörgu athugasemdir og ábendingar sem komu fram í fyrri umsögn um eldri drög tillögunnar frá 19. febrúar 2023, og er sú umsögn látin fylgja með þessari umsögn til áréttingar.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs